

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn Ósland

Verk- og tímaáætlun

júní 2020

Forsendur

Ósland var friðlýst sem fólkvangur árið 1982 og var friðlýsingin endurskoðuð árið 2011. Ósland er eyja með landbrú við Höfn í Hornafirði. Þar finnast leirur með miklu fuglalífi. Í Óslandi má sjá basaltafsteypur af trjám sem þar hafa lent í hrauni. Stærð fólkvangsins er 16,9 ha.

Markmiðið með friðlýsingunni er að tryggja svæði til útivistar og útikennslu í náttúrufræðum í sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig er markmiðið að tryggja verndun sérstakra jarðmyndanna og fjölbreytts fuglalífs.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Tillaga að slíkri áætlun skal liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar.

Í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Ósland sitja:

- Hildur Hafbergsdóttir, Umhverfisstofnun
- Aron Geir Eggertsson, Umhverfisstofnun
- Magnús Freyr Sigurkarlsson, Umhverfisstofnun
- Anna Ragnarsdóttir Pedersen, fulltrúi sveitarfélags Hornafjarðar

Almennt um verkefnið

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlauna fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að gildistími hennar verði 10 ár og að með fylgi aðgerðaáætlun til 5 ára. Að 5 árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð. Umhverfisstofnun, sveitarfélagi og landeigendum verður þó heimilt að taka ákvörðun um endurskoðun áætlunarinnar, verði þess þörf, áður en gildistíminn er liðinn. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar verði lokið í *november – desember 2020*.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is.

Stjórnunar- og verndaráætlun er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en er staðfærð og aðlöguð því svæði sem áætlun er unnin fyrir.

1. Inngangur

- 1.1. Samráð
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi svæðisins
- 1.5. IUCN verndarflokkun (markmið verndunar)

2. Lýsing á svæðinu

- 2.1. Mörk svæðisins
- 2.2. Náttúruminjar – jarðminjar, gróður, dýralíf og vatnshlot
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun
- 2.6. Innviðir og mannvirki
- 2.7. Öryggismál
- 2.8. Fræðsla og kynning
- 2.9. Mönnuð og fjarstýrð loftför
- 2.10. Rannsóknir og vöktun

3. Markmið, stefna og leiðir

- 3.2. Svæðisskipting
- 3.3. Náttúruminjar
- 3.4. Menningarminjar
- 3.5. Landnotkun
- 3.7. Innviðir, mannvirki og umferð
- 3.8. Öryggismál
- 3.9. Fræðsla og kynning
- 3.10. Mönnuð og fjarstýrð loftför
- 3.11. Rannsóknir og vöktun

4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Þá mun einnig fylgja stjórnunar- og verndaráætluninni sérstök hlaupandi aðgerðaáætlun til þriggja ára en í henni verða tímasett markmið og aðgerðir fyrir svæðin.

Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar, en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar á einnig sæti fulltrúi sveitarfélags, gert er ráð fyrir virkri aðkomu samstarfshópsins.

Samráð og upplýsingagjöf

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlun svæðanna. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta reglulega upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðin verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning í sex vikur og þá gefst öllum kostur á að senda inn athugasemdir. Nánari upplýsingar um samráð má sjá í samráðsáætlun fyrir verkefnið.

Verk- og tímaáætlun

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur.

Tími: maí – júní 2020

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Samráðsaðilar tilgreindir.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru í samráðsáætlun.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samráðsaðilar upplýstir um að vinna við gerð áætlunarinnar sé hafin.

2. áfangi: Lýsing á svæðinu.

Tími: júní – júlí 2020

- Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir svæðið.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir.

Tími: ágúst 2020

- Unnin drög að 3. kafla áætlunarinnar. Samstarfshópurinn mun vinna áfram að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið og aðgerðir.
- Unnin drög að kortum eftir þörfum.

Afurð: Drög að 3. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og kort af svæðinu.

4. áfangi: Greining á aðgerðum.

Tími: ágúst – september 2020

- Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 3. áfanga eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk. Drög að aðgerðaáætlun unnin.
- Drög að áætlun í yfirllestur hjá Umhverfisstofnun.
- Unnið úr athugasemdum.

Afurð: Drög að aðgerðaáætlun.

5. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur.

Tími: september 2020

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.
- Almennungi gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir.
- Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla.

Tími: október – nóvember 2020

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt greinargerð.

7. áfangi: Útgáfa

Tími: nóvember - desember 2020

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.